

Carbfix hf.  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2025  
UST202301-351  
08.04

## Ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir Carbfix hf. á Hellisheiði og undanþága

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Carbfix hf. um starfsleyfi til geymslu koldíoxíðs í jörðu að Hellisheiði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir móttöku og geymslu á allt að 106.000 t/CO<sub>2</sub> á ári, samtals 3.180.000 t/CO<sub>2</sub> yfir 30 ára tímabil, á geymslusvæði sem staðsett er að jarðhitasvæðinu á Hellisheiði og skilgreint er nánar í starfsleyfi.

Starfsleyfi Carbfix hf. að Hellisheiði er veitt samkvæmt reglugerð nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með þessu starfsleyfi er veitt heimild til niðurdælingar koldíoxíðs í jörðu til geymslu í samræmi við 7. gr. a. reglugerðar nr. 797/1999.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar stofnunarinnar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Hjalagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Gestur Pétursson,

**forstjóri**

María Guðmundsdóttir,

**sérfræðingur**